

## AUGLÝSING

### ríkisskattstjóra um endurskoðun á fyrirframgreiðslu þinggjalda og jöfnunargjalds á árinu 2007.

1. Frestur vegna umsókna um lækkun á fyrirframgreiðslu ársins 2007, sbr. reglugerð nr. 1113/2006, er til 4. apríl nk. vegna manna, en til 31. maí 2007 vegna lögaðila. Umsóknir ásamt gögnum skulu því í síðasta lagi hafa verið póstlagðar til skattstjóra í umdæmi umsækjanda fyrir lok umsóknarfrests.
2. Forsendur fyrir lækkun fyrirframgreiðslunnar eru þær að skattstofnar vegna tekjuársins 2006 séu a.m.k. 25% lægri en á tekjuárinu 2005 og að álögð gjöld 2007 muni að lágmarki verða 30.000 kr. lægri en við álagningu 2006.
3. Umsækjanda ber að sýna fram á forsendur lækkunar fyrirframgreiðslu með framlagningu skattframtals 2007 ásamt lögboðnum fylgiskjölum. Ársreikningar skulu fylgja skattframtölum rekstraraðila. Hafi umsækjandi skilað rafrænu framtali 2007 ásamt fylgigögnum er nægilegt að vísa til þess í umsókninni.
4. Ákvörðun skattstjóra er kæránleg til ríkisskattstjóra innan 15 daga frá dagsetningu úrskurðar.
5. Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 1113/2006 og taka þegar gildi.

*Reykjavík, 31. janúar 2007.*

**Ingvar J. Rögnvaldsson** vararíkisskattstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 14. febrúar 2007